

Ár 2002, miðvikudaginn 3. apríl, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 172/2001 kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Með bréfi dags. 12. desember 2001 kærði Árni Einarsson, kt. 130743-4399, endurmat Fasteignamats ríkisins á brunabótamati íbúðar hans 0303 að Rekagranda 2, Reykjavík (fastanúmer 202-3975), sem tók gildi þann 15. september 2001.

Í kærubréfi segir:

“Samkvæmt endurmatinu er brunabótamatið kr. 5.366.000 á íbúðinni og á bílskýlinu kr. 689.000.

Þetta tel ég vera allt of lágt og langt frá því sem kostar að byggja íbúðina ásamt öllu tilheyrandi, þ.á m. bílskýli, ef eignin brennur.

Ég vil jafnframt geta þess að íbúðin er í ágætu ástandi og viðhald íbúðar og sameignar hússins hefur verið gott.”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 12. desember 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 6. mars 2002, en þar segir m.a.:

“Niðurstaða endurmats brunabótamats vegna íbúðar 0303 auk bílskýlis 12 0101 að Rekagranda 2 í Reykjavík byggir á upplýsingum um framangreinda eign sem skráðar eru í Landskrá fasteigna auk upplýsinga um eignina sem fengust við síðustu skoðun íbúðar þann 7. október 1985 og bílskýlis þann 13. október 1989. Um er að ræða fjögurra hæða steyppt fjölbýlishús með 15 íbúðum auk steyppts bílskýlis. . Hjalagt fylgir yfirlit hinnar kærðu eignar, en þar kemur m.a. fram að byggingarár hússins er 1984 og bílskýlisins 1986 og afskriftarár hið sama og byggingarár í báðum tilvikum.”


### Niðurstaða

Í 10. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, sbr. lög nr. 34/1999, er heimild til að reikna brunabótamat án skoðunar á grundvelli upplýsinga sem fyrir hendi eru. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki þurfi að meta á grundvelli skoðunar á staðnum ef að mati stofnunarinnar liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar.


Samkvæmt umsögn Fasteignamats ríkisins byggði niðurstaða endurmats brunabótamats á íbúð kæranda að Rekagranda 2 m.a. á upplýsingum sem fengust við síðustu skoðun íbúðar þann 7. október 1985 og bílskýlis þann 13. október 1989. Í kærubréfi segir að íbúðin sé í ágætu standi og að viðhald íbúðar og sameignar hússins hafi verið gott. Með hliðsjón af aldri þeirra upplýsinga sem fyrir lágu hjá Fasteignamatinu verður að telja óvíst að fyrir hafi legið fullnægjandi upplýsingar við endurmatið. Málinu er því vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

  
Pétur Stefánsson

  
Agnar Gústafsson

  
Guðmundur Magnússon